

**Ed.**

**932. Frumvarp til laga**

um eftirlit með skipum.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 869 með þessari breytingu:

8. gr. hljóðar svo:

Skipaskoðunarstjóri skal hafa sérfróða fulltrúa, er starfi við skipaæftirlitið að öllu eða nokkru leyti. Skal einn þeirra vera skipaverkfræðingur, annar vélfræðingur, þriðji sérfræðingur í öryggismálum og fjórði siglingafræðingur (skipstjóri).

Þeir skulu skipaðir af ráðherra að fengnum tillögum skipaskoðunarstjóra og fullnægja kröfum þeim, er þarf til þess að vera embættismaður hér á landi.

Ráðherra getur ákveðið, að skipaskoðunarstjóri skuli annast eitt þessara sérfræðistarfa.